



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stuðningsfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands við umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísunartilskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi)

26. júní 2020

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur einróma undir umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Rauði krossinn leggur fram alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og takmarkanir á grundvallarmannréttindum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Rauði krossinn fjallar ítarlega um ákvæði 11. gr. frumvarpsins sem fjallar um umsækjendur sem hafa þegar hlotið alþjóðlega vernd í öðru ríki og túlkun stjórnvalda um að slíkir umsækjendur þurfi því ekki vernd hér á landi. Í tengslum við téða grein segir m.a. í umsögninni:

„Rauði krossinn ítrekar að einstaklingar með alþjóðlega vernd eru eðli máls samkvæmt búinir að vera á flóttu frá heimaríki, stundum í bið eftir afgreiðslu umsóknar sinnar um vernd svo árum skiptir, oft við bágbornar aðstæður, hafa sætt varðhaldi og gjarnan ofbeldi, með takmörkuð réttindi og tilheyrandi óvissu um framtíð sína. Í ofanálag er andleg heilsa þeirra oft á tíðum slæm sem krefst aðstoðar sérfræðinga til þess að vinna úr erfiðum áföllum eftir flóttann. Þau Evrópuríki sem hafa þurft að bera þungann af straumi flóttafólks, svo sem Grikkland og Ítalía, hafa ekki verið í stakk búin til þess að mæta og anna þessum fjölda. Einstaklingur getur því einn daginn verið heimilis- og bjargarlaus sem umsækjandi um alþjóðlega vernd og næsta dag verið áfram heimilis- og bjargarlaus, en handhafi alþjóðlegrar verndar.“

Það eru mikil vonbrigði að á Alþingi sé yfir höfuð umræða um herðingar á útlendingalögum þar sem okkur ber að tryggja réttindi allra einstaklinga, sýna mannúð, skilning og virðingu. Ísland á að opna enn frekar faðminn og styðja betur við innflytjendur og aðra hópa sem eru í viðkvæmri stöðu. Í umsögninni er einnig fjallað um 2. gr. frumvarpsins um hraðari málaferli umsækjenda. Það er mikil hætta á að aukin skilvirkni í málaferli einstaklinga grafi undan mannréttindum þeirra.

Stúdentaráð stendur fyrir jafnrétti og er alfarið mótfallið frumvarpi sem boðar óréttlæti og óvissu fyrir fólk sem óskar eftir því að setjast að á Íslandi. Í hópi þeirra eru ungmenni og börn sem hér geta stundað nám. Við Háskóla Íslands er til að mynda fjölbreyttur hópur nemenda og starfsfólks sem auðga samfélagið okkar svo um munar.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Rauði krossinn býr yfir afgerandi sérfræðipekkingu á málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd og krefur því Stúdentaráð stjórnvöld um að fylgja ábendingum hreyfingarinnar. Þinglok eru á næsta leyti en það er brýnt að sýna samstöðu með fólki af erlendum uppruna. Þá bindur ráðið miklar vonir við að frumvarpið verði ekki að lögum og skorar á dómsmálaráðherra að draga það til baka

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Isabel Alejandra Díaz
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands